

04.október 2007

Aðalfundur Síðuskóla

Fundarstjóri er Elías Gíslason

Ólafur Skólastjóri talaði um SMT skólafærni og byrjendalæsi. Einnig sagði hann frá verkefninu „breyttir kennsluhættir“ sem tveir árgangar fjórði og áttundi bekkur taka þátt í. Þar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Þetta er tilrauna verkefni sem stendur fram á vor og verður þá tekin saman útkoma þess, hefur bæjarstjórn lagt peninga til verkefnisins. Ólafur las upp úr grein úr Morgunblaðinu frá 01.10, þar sem sagt var frá að samskiptahæfni geri nemendur móttækilegri fyrir náminu, samkvæmt rannsókn úr háskóla í USA.

Formaður F.O.K.S Helga Jóhannsdóttir las upp skýrslu stjórnar. 13 fundir voru haldnir á sl. skólaári. Skýrt var frá hverju hefur verið komið í framkvæmd.

Púðar/pullur voru keyptir fyrir 1-3 bekk. Keyptir voru kaplakubbar. Íþróttatöskur undir búningana voru keyptar og þær merktar. Bókasafn og vistun fengu styrk. Allir bekkir fengu styrk í ferðasjóð. Sérstakur styrkur var vegna SMT sem allir bekkir geta sótt í. Keyptir voru bolir sem börn í 1 bekk færðu börnum sem byrjuðu í skólanum að hausti. 10 bekkur sér um að rukka gjöld félagsins og fá borgað fyrir það.

Spilakvöld var haldið og var það mjög skemmtilegt en ekki nógu vel sótt. Íhugað er að endurtaka spilakvöld.

Ánægju var líst yfir vegna byrjunar á gerð sparkvallar við skólann.

Tillaga var að öðrum tíma í íþróttahúsi fyrir elsta stig. Stjórn var falið að kanna það.

Gjaldkeri stjórnar Ingibjörg Jóhannsdóttir fór yfir reikninga.

Ný stjórn var kosin, fráfarandi eru Guðríður, Hildur, Herdís og Vignir. Nýja stjórn skipa Helga Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir, Dagbjört Ósk, Eva Dögg, Grímur Laxdal og Anna Fía Svavarsdóttir.

Fulltrúi frá Samtaka, svæðisráði foreldra kynnti félagið og hversu foreldra samstarf er mikilvægt. Einnig kynnti hún Heimili og skóla-landsamtök foreldra. Tilgangur Samtaka er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunafélag í sveitafélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálu. Fundi lokið.

Ritari: Hildur Sigurðardóttir